

Nefndasvið Alþingis,  
samgöngunefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 9. janúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með skipum, 360. mál.


Í frumvarpinu er að finna fjölmargar breytingar frá gildandi lögum, sem eru flestar tilkomnar vegna tilskipana frá Evrópusambandinu nr.97/70, sem okkur er gert skylt að taka upp í íslenska löggjöf.

Meginbreytingin varðandi skoðun skipa felst í því að samkvæmt frumvarpinu tekur hver skoðanahringur fjögur ár þ.e. að á hverjum fjórum árum er skip og allur skoðanaskyldur búnaður skoðaður a.m.k. einu sinni.

Framkvæmdin er sú að árlega er farið um borð í hvert skip og ákveðnir skilgreindir þættir skoðaðir af til þess bærum skoðunarmönnum. Hér er um verulega breytingu að ræða frá gildandi lögum þar sem, verði frumvarpið að lögum, er verið að gera skoðanir skipa bæði ítarlegri og færa þær í fastara form.

Í 9. gr. frumvarpsins er sú breyting frá gildandi lögum að yfirvélstjóranum er bætt við þann hóp sem ber ábyrgð á að lögskipaðar skoðanir fari fram það er gert í samræmi við 5. mgr. 53. gr. Sjómannalaga nr. 35 frá 1985 sem hljóðar svo: **“Yfirvélstjóri ber ábyrgð á fyrirskipuðum skoðunum og eftirliti á vélbúnaði skipsins. Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum sem hann hefur enga fyrirskipun gert um skal sá æðsti hinna vélstjóranna, sem til staðar er, ráða fram úr því sem ekki má fresta“**. Hér er um eðlilega breytingu að ræða til samræmingar á sjómannalögum og lögum um eftirlit með skipum.

Í heildina tekið er það mat Vélstjórafélags Íslands að þær breytingar sem hér eru lagðar til á nefndum lögum muni stuðla að auknu öryggi sjófarenda.

Virðingartyllst,  
f.h. Vélstjórafélags Íslands  
  
Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!